

Styrktarsjóður Þroska- og hegðunarstöðvar

1. gr.

Félagið heitir Styrktarsjóður Þroska- og hegðunarstöðvar.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er að Þönglabakka 1, 109 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja við starfsemi Þroska- og hegðunarstöðvar (ÞHS) og auka möguleika stöðvarinnar á að veita börnum með þroska-, hegðunar- og geðraskanir og foreldrum þeirra bestu mögulegu þjónustu á hverjum tíma.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að leita eftir, afla og taka á móti styrkjum frá einstaklingum, félagsamtökum eða stofnunum. Í þessum tilgangi verður stofnaður styrktarreikningur, hann kynntur sem víðast og m.a. gert mögulegt að taka á móti frjálsum framlögum á heimasíðu ÞHS. Einnig verður leitað til félaga- eða góðgerðarsamtaka sem hafa á stefnuskrá sinni að styrkja verðug málefni sem tengjast velferð barna.

5. gr.

Félagsaðild. Allir sem hafa áhuga á forvarnar- og meðferðarstarfi fyrir börn sem glíma við hegðunar-, tilfinninga- og geðvanda geta fengið aðild að félaginu.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. mars ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

8.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum, formanni og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda.

9.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

10. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til að styðja starfsemi þroska- og hegðunarstöðvar.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þroska- og hegðunarstöðvar.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins.

Dagsetning: 04.03.2015.